



## Akstursíþróttasamband Íslands

Úrskurður stjórnar Akstursíþróttasambands Íslands vegna atviks á torfærukeppni TKS í Jósefsdal sem haldin var þann 12. júlí 2014

### Málsatvik:

Hverjum keppanda í torfæru ofangreindri var heimilt að vera með allt að átta aðstoðarmenn, sem fengju ókeypis inn á keppnissvæðið og mættu vera á þjónustusvæðinu óáreittir. Viðkomandi aðstoðarmenn fengju armband frá keppnisstjórn. Auk þess væri einum aðstoðarmanni úthlutað armbandi í öðrum lit, sem merkti það að viðkomandi mátti fylgja keppnisbifreið að upphafi brautar.

Fyrir keppni óskaði keppnisstjórn eftir því að keppendur skiluðu upplýsingum um nöfn og helst kennitölu aðstoðarmanna, svo hægt væri að dreifa umræddum armböndum.

Töldu nokkrir keppendur mikla vanbugi á þessu, þar sem þeir væru ekki vissir hverjir kæmu til að aðstoða þá. Keppnisstjóri lagði fram þá málamiðlun að átta armbönd yrðu sett í umslag merktum keppanda. Aðstoðarmenn gæfu sig fram og fengju þá afhent eitt armband. Væru engin armbönd í umslaginu þegar einhver kæmi, þyrfti sá hinn sami að greiða aðgangseyri. Keppendur samþykktu þetta fyrirkomulag.

Einn aðstoðarmaður frá hverjum keppanda fékk að auki sérstakt blátt armband til að mega fylgja bílnum að rásmarki. Þessir aðstoðarmenn voru kallaðir upp á fundi með keppnisstjóra um morguninn.

Að morgni keppnisdags, 12. júlí 2014, áður en keppni hófst, komu síðan aðilar og sóttu armbönd sem þeim var afhent til samræmis við ofangreint. Meðal annarra fær Gunnar Gunnarsson afhent almennt armband eftir að hann kvaðst vera aðstoðarmaður hjá Sævari Gunnarssyni.

Sunnudaginn 13. júlí 2015 berst Akstursíþróttasambandi Íslands kvörtun frá dómara þar sem kvartað er yfir því að í fjórðu braut hafi Gunnar Gunnarsson komið að sér, meðan enn var verið að keyra brautina, og viljað ræða um atvik þar sem viðkomandi dómari dæmdi keppanda út úr braut. Dómari var innan við borða er afmörkuðu svæði þar sem almenningi var meinaður aðgangur að þegar þetta gerðist. Þá voru ennþá keppendur sem áttu eftir að fara brautina, svo að dómari var við störf.

Gunnari var bent á að hann væri innan svæðis sem hann ætti ekki að vera á og einnig að rétt leið að koma að athugasemdum væri gegnum tengilið keppanda og dómara eða að ræða við keppnisstjóra. Illa gekk að koma honum út af svæðinu og leyfa dómara að halda áfram að sinna sínu starfi. Þá var og orðbragð það sem Gunnar notaði við dómara og staðfest hefur verið af vitnum, ekki við hæfi.

### Umræða:

Með því að fara á svæði sem var lokað almenningi, neita að fara strax að tilmælum starfsmanna og að nota það orðbragð var brotið gegn almennri framkomu á keppnum. Aðstoðarmenn keppenda eiga að þekkja reglur þar sem útskýrt hefur verið fyrir keppendum að aðeins einn aðstoðarmaður megi fylgja keppanda inn á annars lokað svæði þegar verið er að aka brautir.

Samkvæmt International Sporting Code, grein 154 er Akstursíþróttasambandi Íslands heimilt að sekta keppendur eða aðstoðarmenn sem brjóta keppnisreglur eða óhlýðnast skipunum starfsmanna keppinnar. Þá stendur í 156. grein að þátttakandi í keppni sé ábyrgur fyrir greiðslu sektar vegna ökumanns eða aðstoðarmanna.

Stjórn Akstursíþróttasambands Íslands gerir sér grein fyrir því að héraendis hefur ekki tíðkast að aðstoðarmenn verði að vera með sérstakt keppnisskírteini, sem 154. grein International Sporting Code byggir á og gerir bæði keppendur og aðstoðarmenn beint ábyrga gjörða sinna gagnvart Akstursíþróttasambandi Íslands.



## Akstursíþróttasamband Íslands

Stjórn Akstursíþróttasambands Íslands harmar þá óíþróttamannslegu framkomu sem birtist í þessu atviki og mun aldrei samþykkja slíkt framferði.

### Úrskurður:

Stjórn Akstursíþróttasambands Íslands hefur ákveðið eftirfarandi refsingu vegna ofangreinds atviks:

a) Gunnari Gunnarssyni er meinuð þátttaka sem keppanda í akstursíþróttum og það að vera í hópi aðstoðarmanna í akstursíþróttum, á núverandi keppnistímabili.

b) Þar sem Gunnar Gunnarsson var skráður aðstoðarmaður Sævars Gunnarssonar þá ber Sævar ábyrgð á gerðum hans. Sævar er sektaður um kr. 50.000 vegna framkomu eins af aðstoðarmönnum sínum á torfærukeppni TKS í Jósefsdal sem haldin var þann 12. júlí 2014. Keppanda, Sævari Gunnarssyni, er meinuð þátttaka í keppnum á vegum Akstursíþróttasambands Íslands þar til sektin hefur verið greidd.

### Samþykkt á stjórnarfundum Akstursíþróttasambands Íslands þann 15. júlí 2014 og 22. júlí 2014

Dreifing:

Sævar Gunnarsson  
Gunnar Gunnarsson  
Formenn aðildarfélaganna Akstursíþróttasambands Íslands  
Heimasíða Akstursíþróttasambands Íslands